

CUSRES D96A Dæmi 3 – Ökutæki með fastnúmeri – **CUSTAR**; skuldfærslutilkynning til innflytjanda (eða e.a. miðlara) og tilkynning um að varan sé tollafgreidd.

Dæmi:

1. UNB+UNOA:1+6501881019+1411554079+990216:1105+1235517+++++1'
2. UNH+99021611024032+CUSRES:D:96A:UN'
3. BGM+965+EBRU18058DEHAMR256/99S0000010+9'
4. NAD+IM+1411554079::ZZZ'
5. LOC+41+REYTS::159'
6. DTM+137:19990216:102'
7. DTM+58:19990216110240:204'
8. GIS+23::159'
9. TAX+4'
10. MOA+161:415086'
11. GIS+TK:134'
12. TAX+7++GNB::159'
13. MOA+161:1000'
14. GIS+S1:134'
15. RFF+ERN:ABC0012399'
16. RFF+AFM:1'
17. RFF+AFD:00187032129'
18. TAX+7++TA::159'
19. MOA+161'
20. GIS+S1:134'
21. TAX+7++GBA::159'
22. MOA+161:429'
23. GIS+S1:134'
24. TAX+7++GMB::159'
25. MOA+161:200591'
26. GIS+S1:134'
27. TAX+7++GÖ2::159'
28. MOA+161:213066'
29. GIS+S1:134'
30. UNT+29+99021611024032'
31. UNZ+1+1235517'

Í skýringum er gert grein fyrir þeim liðum sem breytast þegar um **bakfærslutilkynningu** er að ræða; tollafgreiðsla afturkölluð og áður skuldfærð gjöld bakfærð. Sjá liði 7 og 11.

Einnig er að finna í skýringum hvaða liðir eru frábrugðnir í **CUSTAR skeytum til miðlara**, sem hafa val um hvort skuldfært er á miðlarann eða viðkomandi innflytjanda. Sjá liði 4 og 11.

Skýringar við dæmi með vísan til númera á liðum í dæminu:

1. Upphaf EDI-skeytapakka.  
Kennitala sendanda (6501881019). Hér er alltaf kt. ríkistollstjóra.  
Kennitala móttakanda (1411554079), þ.e. þess aðila, innflytjanda eða miðlara, sem sendi SMT-aðflutningsskýrslu, CUSDEC skeyti, sem CUSTAR skeytið á við.  
Dagsetning og tími og síðan númer úr EDI-þýðanda (1235517), sem síðan er endurtekið í UNZ í lið 31.  
Aftast er merking, sem gefur til kynna að um prófunarskeyti sé að ræða (+++++1). Notað meðan á prófunum stendur á skeytasendingum.
2. Upphaf EDI-skeytis. Númer eða tímastimpill úr EDI-þýðanda (99021611024032), sem síðan er endurtekið í UNT í lið 30. Síðan koma upplýsingar um útgáfu CUSRES staðals.
3. Kóðinn (965) merkir að hér sé um CUSTAR skeyti að ræða í CUSRES staðlinum.  
Sendingarnúmer vörusendingar, úttektar úr tollvörugeymslu / frísvæði, sbr. reitur 9 í aðflutningsskýrslu E1 (BSKY03029ISFRS0008).  
Fyrir aftan skástrík er svonefnt geymslunúmer (99S0052367), sem er einkvæmt tilvísunarnúmer aðflutningsskýrslu í Tollakerfi per. tollafgreiðslustað tollsins, sbr. kóða tollafgreiðslustaðar í lið 5. Alltaf 10 stafa númer. Geymslunúmer verður til í Tollakerfi um leið og aðflutningsskýrsla er samþykkt í kerfinu. S í geymslunúmeri merkir að vörusending sé SMT-tollafgreiðsla.
4. Kennitala innflytjanda (IM kódi), sbr. kt. innflytjanda í aðflutningsskýrslu. Ef CUSTAR skeytið væri vegna SMT-skýrslu, CUSDEC, sem send hefði verið frá flutningsmiðlara þá væri hér einnig NAD liður með kt. miðlarans; NAD+AE+. Öll CUSRES skeyti vegna SMT-skýrslu frá miðlara innihalda bæði kt. innflytjanda og miðlarans.
5. Kóði tollafgreiðslustaðar (REYTS) þar sem varan var tollafgreidd. Hver kóði stendur fyrir tiltekinn tollstjóra (tollumdæmi), þ.e. tollstjórann í Reykjavík eða viðkomandi sýslumann utan Reykjavíkur. Tollafgreiðslustaður getur einnig verið pósthús, sem hvert fyrir sig hafa sérstakan kóða. Meðan á EDI prófunum stendur er notaður kóðinn REYRS (Ríkistollstjóri) og PRVPS ef um póstsendingu er að ræða.
6. Dagsetning skeytis. Þessi liður er í öllum CUSRES-skeytum, svarskeytum tollsins.
7. Dagsetning og tími (afgreiðslunúmer) þegar samþykkt SMT-aðflutningsskýrsla er tollafgreidd. Kóðinn í dæminu (58) er í CUSTAR skeyti þegar skeytið er skuldfærslutilkynning; vara tollafgreidd. Kóði (97) er notaður þegar skeytið er bakfærslutilkynning; áður skuldfærð gjöld eru bakfærð og þá á dags og tími við þegar bakfærsla er gerð hjá tolli. Upphæðir í skeytinu eru í báðum tilvikum plústölur.
8. Kóðinn 23 merkir innflutningur. Þessi liður er í öllum CUSRES-skeytum, svarskeytum tollsins, til þess að aðgreina svarskeyti vegna innflutnings frá svarskeytum vegna útflutnings; kóði 22.
9. Kóði 4 með TAX stendur fyrir samtals upphæð aðflutningsgjalda í aðflutningsskýrslunni, sbr. næsta lið. Hér getur komið TAX liður með kóða 7, ásamt viðeigandi MOA og GIS lið,

ef á skýrslunni er gjald, sem lagt er á skýrsluna í heild sinni en ekki á tiltekna línu. Sjá lið 12.

10. Hér kemur samtals upphæð aðflutningsgjalda í skýrslunni.
11. Þessi liður gefur til kynna hvernig upphæð í lið 10 er skuldfærð eða bakfærð. Eftirtaldir kóðar geta komið fyrir í CUSTAR skeyti.

Kóðar hjá innflytjendum og flutningsmiðlurum:

TK Aðflutningsgjöld skuldfærð hjá tollstjóra á þann, sem sendi SMT-skýrsluna.

BK Áður skuldfærð aðflutningsgjöld bakfærð hjá tollstjóra á þann, sem sendi SMT-tollskýrsluna.

Eftirtaldir kóðar geta aðeins komið ef flutningsmiðlari sendir SMT-skýrslu með gjaldfærslubeiðni á innflytjanda, en miðlari hefur val um hvort gjöld eru skuldfærð á innflytjanda eða flutningsmiðlarann. Vörugjald af ökutækjum er þó alltaf skuldfært á innflytjanda. Í SMT-skýrslum miðlara er alltaf bæði kt. miðlarans og viðkomandi innflytjanda:

TI Aðflutningsgjöld skuldfærð á innflytjanda hjá tollstjóra skv. gjaldfærslubeiðni flutningsmiðlara.

BI Áður skuldfærð aðflutningsgjöld á innflytjanda bakfærð hjá tollstjóra. Gildir ef aðflutningsgjöld voru skuldfærð á innflytjanda, sbr. TI kóða.

Ef innflytjandinn, sem miðlari lætur skuldfæra aðflutningsgjöld á, er með SMT-tollafgreiðsluheimild þá fær innflytjandinn CUSTAR skeyti einnig auk þess sem það er sent flutningsmiðlara, sem sendi SMT-skýrslu.

12. Kóði 7 með TAX lið, sem er fyrir ofan TAX liði í línunum tollskrárnúmera í CUSTAR skeyti, stendur fyrir aukagjald í aðflutningsskýrslunni. Hér getur komið TAX liður með kóða 7, ásamt viðeigandi MOA og GIS lið, ef á skýrslunni er gjald, sem lagt er á skýrsluna í heild sinni, sbr. liðir 13 og 14, en ekki á tiltekna línu sbr. lið 17 og þar fyrir neðan. Um kóða tolla og gjalda sjá lið 18.
13. Hér kemur upphæð aukagjalds, sbr. lið 12; kr. 1.000,-
14. Þessi GIS liður gefur til kynna hvernig upphæðin í MOA lið, liður 13, er skuldfærð. Skuldfærslukóði (S1) segir til um á hvaða uppgjörstímabil og með hvaða eindaga tollur eða gjald er skuldfært.
15. Hér er “Tilvísunarnúmer SMT-leyfishafa” fyrir viðkomandi SMT-aðflutningsskýrslu. Þetta númer er sótt úr SMT-aðflutningsskýrslunni, CUSDEC skeyti, sem kom frá viðkomandi innflytjanda eða miðlara ef það var miðlari sem sendi SMT-aðflutningsskýrsluna. Þessi liður er í öllum CUSRES skeytum tollsins vegna SMT-tollafgreiðslu.
16. Hér er “númer afgreiðslu” í Tollakerfi fyrir viðkomandi SMT-aðflutningsskýrslu. Kóði 1 merkir tollafgreiðsla. Kóði 2 merkir leiðrétting eða breyting á aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu, sem merkir að ný leiðrétt eða breytt aðflutningsskýrsla hefur verið lögð inn hjá tolli eftir að tollafgreiðsla átti sér stað. Kóði 2 getur einnig merkt fullnaðartollafgreiðsla á áður bráðabirgðatollafgreiddri vörusendingu. Þessi liður er í öllum CUSTAR skeytum.

Aðeins kódi 1 er í notkun. Afgreiðsla skv. kóda 2 er ekki leyfð með SMT enn sem komið er.

17. Í RFF+AFD kemur línunúmer og tollskrárnúmer (00187032129); fyrst línunúmer 001 og síðan tollskrárnúmer 8703.2129. Síðan kemur tollur og önnur gjöld á línunni fyrir neðan þennan lið fram að næsta RFF+AFD lið ef fleiri en ein lína er í skýrslu. Í þessu dæmi er ein lína/tollskrárnúmer í skýrslu, sbr. liði 17 til 29.
18. Kódi 7 gefur til kynna að um upphæð tiltekins tolls eða gjalds sé að ræða. Síðan kemur kódi tolls eða gjalds (TA). Fyrsti stafur í kóda segir til um hvort um toll (T) eða gjald (G) er að ræða. Síðan kemur kódi tolls eða gjalds. Dæmi:  
TA A tollur  
TC C tollur (Tyrklandstollur)  
GBA BA spilliefnagjald  
GMB MB vörugjald af ökutækjum; 30%.  
GNB NB tollafgreiðslugjald vegna neyðarleyfisafgreiðslu
19. Tollur er í þessu tilviki 0 kr og því kemur liðurinn þannig MOA+161', sbr. ef upphæð er til staðar t.d. í lið 13.
20. Þessi GIS liður gefur til kynna hvernig upphæðin í MOA lið, liður 15, er skuldfærð. Skuldfærslukódi (S1) segir til um á hvaða uppgjörstímabil og með hvaða eindaga tollur eða gjald er skuldfært.
21. – 29. liður:  
  
Í liðum 21, 22 og 23 kemur fram skuldfærsla BA gjalds, kr. 429. Sbr. skýringar við liði 18 til 20.  
  
Í liðum 24, 25 og 26 kemur fram skuldfærsla MB gjalds, kr. 200.591. Sbr. skýringar við liði 18 til 20.  
  
Í liðum 27, 28 og 29 kemur fram skuldfærsla Ö2 gjalds, virðisaukaskattur kr. 213.066. Sbr. skýringar við liði 18 til 20.
30. Lok EDI-skeytis. Fjöldi liða í skeyti (29) talið frá og með UNH til og með UNT. Síðan kemur númerið í UNH liðnum; lið 2.
31. Lok EDI-skeytapakka. Hér kemur fyrst númer (1), sem gefur til kynna fjölda EDI-skeyta í skeytapakka. Síðan kemur númerið sem er aftast í UNB liðnum; lið 1.